

Nd.

229. Breytingar- og viðaukatillögur

við frv. til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands, nr. 9, 18. maí 1920.

Frá minni hluta stjórnarskrárnefndar.

1. Við 5. gr. Greinina skal orða svo:
Aftan við 18. gr. skal bæta:
Með lögum má ákveða, að Alþingi skuli að eins stefnt saman annað-hvert ár.
2. Við 7. gr. Í stað hennar kemur ný grein, svo hljóðandi:
26. gr. skal orða þannig:
A Alþingi eiga sæti 36 þjóðkjörnir menn. Tölu þeirra má breyta með lögum.
Alþingi skipar eina málstofu.
Þingmenn skulu kosnir óhlutbundnum kosningum í sjerstökum kjör-dæmum. Þó má með lögum ákveða, að þingmenn Reykjavíkurborgar skuli kosnir hlutbundnum kosningum, og gilda þá um kjörgengi og kosningarrjett sömu reglur, sem við óhlutbundnar kosningar.
3. Við 8. gr. Hana skal orða þannig:
27. gr. sömu laga orðist svo:
Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

4. Við 8. gr. A eftir henni komi þessar nýjar greinar:

a. 28. gr. sömu laga skal orða þannig:

Nú deyr þingmaður eða fer frá á kjörtíma, og var hann kosinn óhlutbundinni kosningu; skal þá kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtíma. Ef sæti þingmanns, sem kosinn var hlutbundinni kosningu, verður autt með sama hætti, tekur sæti hans varamaður sá, sem í hlut á; en varamenn skulu vera jafnmargir og þingmenn kosnir hlutbundnum kosningum, enda kosnir á sama hátt og samtímis.

b. 29. gr. skal hljóða svo:

Kosningarrjett til Alþingis hafa allir, karlar og konur, sem eru 25 ára eða eldri, er kosning fer fram, hafa ríkisborgararjett hjer á landi og hafa verið búsettir hjer á landi síðustu 5 árin áður en kosningar fara fram. Þó getur enginn átt kosningarrjett, nema hann hafi óflekkað mannorð, hafi verið heimilisfastur í kjördæminu eitt ár og sje fjár sins ráðandi.

Gift kona telst fjár sins ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Áð öðru leyti setja kosningalög nánari reglur um kosningar og um það, í hverri rōð varamenn skuli koma í stað aðalmanna.

c. 30. gr. sömu laga skal orða þannig:

Kjörgengur til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarrjett á. Þó má kjósa þann mann, sem heima á utan kjördæmis eða hefir átt heima þar skemur en eitt ár.

Þó eru ekki kjörgengir dómendur þeir, sem ekki hafa umboðsstörf á hendi.

5. Við 9. gr. Greinin falli burt.

6. Við sömu grein. Á eftir henni koma þessar nýjar greinar:

a. 34. gr. sömu laga falli burt.

b. Alþingi getur skipað nefndir þingmönnum til að rannsaka mikilvæg mál, er almenning varða. Getur það veitt nefndum þessum rjett til að heimta skýrslur, munnlegar og brjeflegar, bæði af embættismönnum og einstökum mönnum.

7. Við 10. gr. Aftan við greinina bætist:

Síðari málsgrein sömu greinar fellur burtu.

8. Við sömu (10.) gr. Á eftir henni komi þessar nýjar greinar:

a. Fyrsta orð 30. greinar sömu laga fellur burt.

b. 40. gr. sömu laga skal orða þannig:

Ekkert frumvarp má samþykkja til fullnaðar á Alþingi fyr en það hefir verið rætt 4 sinnum, enda skal það hafa komið fram eigi síðar en 8 dögum eftir þingsetningu. Undantekin þessu eru þó stjórnarfrumvörp og þau þingmannafrumvörp, er fram hafa komið á næsta Alþingi á undan.

- c. 41. gr. sömu laga fellur niður.
 - d. Orðin »Hvor — sameinað« í upphafi 48. gr. sömu laga falla burtu.
 - e. 49. gr. sömu laga skal orða þannig:
Alþingi getur ekki gert samþykkt um mál, nema meira en $\frac{2}{3}$ þingmanna sjeu á fundi og greiði þar atkvæði.
 - f. 50. gr. sömu laga skal orða þannig:
Heimilt er hverjum alþingismanni að bera upp sjerhvert alment mál, ef Alþingi leyfir það, og beiðast um það skýrslu ráðherra.
 - g. 51. gr. sömu laga skal hljóða svo:
Alþingi má ekki taka við neinu málefni nema einhver þingmaður flytji það.
 - h. 52. gr. sömu laga skal orða þannig:
Nú þykir Alþingi ekki ástæða til að gera ályktun um eittbvert mál-efni, og getur það þá visað því til ráðherra.
 - i. Fyrsta málslið 53. gr. sömu laga skal orða svo:
Fundir Alþingis skulu haldnir í heyranda hljóði.
 - j. 54. gr. sömu laga skal orða svo:
Þingskóp Alþingis skulu sett með lögum.
 - k. Fyrstu málsgrein 76. gr. sömu laga skal orða svo:
Tillögur til breytinga eða viðauka við stjórnarskrá þessa má bera upp bæði á reglulegu Alþingi og auka-Alþingi. Nú nær tillagan samþykki Alþingis, og skal það rofið þá þegar og stofnað til almennra kosninga af nýju. Ef nýkosið Alþingi samþykkir ályktunina óbreytta og hún nær staðfestingu konungs, þá gildir hún sem stjórnskipunarlag.
9. Við ákvæði um stundarsakir. Þau skulu orðuð þannig:
Umboð landskjörinna þingmanna fellur niður þá er lög þessi öðlast gildi.